

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps vegna Bugatúns, Botnsdals og Kelduár.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 11. maí 2015 aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006-2018, sem samþykkt var í sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps þann 22. apríl 2015.

Afmörkun svæðanna V3/A2 og S8 er breytt og landnotkun á svæðinu næst Bugatúni breytt úr verslunar- og athafnasvæði í íbúðarsvæði. Hluta svæðanna S8 og S9 verður breytt úr stofnanasvæði í íbúðarsvæði og svæði S7 verður breytt úr stofnanasvæði í athafnasvæði, A6. Markað er iðnaðarsvæði, I9, fyrir virkjun í Kelduá og eldisker og efnistökusvæði, E6, í Botnsdal. Númer á svæðum í greinargerð og á uppdráttum eru lagfærð.

Málsmeðferð var samkvæmt l. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 11. maí 2015.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.